

vitnisburðarranglæti er verið að vísa til hinnar sögulegu víddar í alvarlegu ranglæti af þessu tagi á meðan „kerfislægt“ vitnisburðarranglæti vísar til samtímavíddarinnar. Alvarlegustu tilvik vitnisburðarranglætis eru bæði viðvarandi og kerfislæg. Þannig er það í tilfalli Toms Robinson sem býr í samfélagi þar sem fordómar rýra gildi þess sem hann segir og hindra hann ítrekað í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur. Á hinn bóginn er ólíklegt að dæmi um vitnisburðarranglæti sem er hvorki viðvarandi né kerfislægt valdi mönnum yfirleitt miklum skaða. Almennt séð á kerfisbundið ranglæti það til að verða viðvarandi vegna þess að líklegra er að þær félagslegu ímyndir sem „eltandi“ fordómar byggjast á séu varanlegri þættir hins félagslega ímyndunarafis.

Eftir að hafa nú greint meginviðfangsefni okkar sem kerfisbundið vitnisburðarranglæti er kominn tími til að kanna betur hvernig ímyndarfordómar hafa áhrif á málræn samskipti. Við þurfum að rannsaka hvaða máli staðalmyndir skipta við mat hlustenda á trúverðugleika mælenda.

Egill Arnarson þýddi

Atli Harðarson

Til varnar hugsmíðahyggju

Athugasemd um heimspekilegar forsendur eigindlegra rannsókna¹

Inngangur

Þegar fjallað er um aðferðir við empirískar rannsóknir í félagsvísindum er þeim oft skipt í meginlegar (e. *quantitative*) og eigindlegar (e. *qualitative*). Meginlegar aðferðir eru um sumt skyldar aðferðum raunvísindanna. Þær snúast oftast um eitthvað sem verður mælt eða tölum talið. Gögnin eru gjarnan af því tagi að hægt sé að beita verkfærum tölfræðinnar á þau. Eigindlegar aðferðir eru skyldari hugvísindum og notaðar til að skilja reynslu fólks og setja sig í annarra spor. Dæmigerð gögn eru viðtöl, frásagnir og tjáning sem þarf að túlka og skilja.

Síðustu fjóra áratugi hafa afstæðishyggja og andstaða við frumspekilega og þekkingarfræðilega hluthyggju (e. *realism*) verið áberandi í skrifum um heimspekilegar undirstöður eigindlegra rannsóknaraðferða.² Kenningar í þessa veru eru tjáðar með ýmsu móti. Sumir segja að ekki sé til neinn hlutlægur raunveruleiki,³ aðrir að raunveruleikinn sé hugarburður.⁴ Stundum eru afstæðishyggja og áhersla á það huglæga studdar með fullyrðingum um að veruleikinn sé ekki einn heldur margur. Þegar rætt er um margfaldan veruleika (e. *multiple realities*) virðist átt við að fólk sem hugsar með ólíkum hætti lifi í ólíkum heimum, svo það sem er satt fyrir suma kunní að vera ósatt fyrir aðra.

¹ Niðurstöður og meginrök þessarar greinar voru kynnt á *The 12th Annual International Conference on Philosophy* sem haldin var í Aþenu í Grikklandi í maí 2017. Styttri grein á ensku um sama efni birtist á þessu ári, 2018, í ráðstefnuritinu *An Anthology of Philosophical Studies: Volume 12*. Ritstj. Patricia Hanna. Aþena: Athens Institute for Education and Research.

² Howell 2012, Krauss 2005, Erickson 2011, Lincoln, Lynham og Guba 2011.

³ Krauss 2005: 761.

⁴ Howell 2012: 4.

Það sem ég segi um afstæðishyggju hér að ofan er sótt í skrif um sögu eigindlegra rannsókna og heimspekilegar undirstöður þeirra. Það má finna svipaðar hugmyndir í ritum sem er ætlað að veita þeim sem vinna að slíkum rannsóknum hagnýta leiðsögn. John W. Creswell hefur til dæmis skrifað bók um eigindlega aðferðafræði sem er víða notuð sem kennslubók við háskóla. Hann segir að þegar rannsakendur vinni eigindlegar rannsóknir, þá bjóði þeir heim hugmyndinni um margfaldan veruleika.⁵ Í annarri vinsælli kennslubók segja Steinar Kvale og Svend Brinkmann að það sé innifalið í eigindlegri aðferðafræði að þekkingin sé huglæg⁶ og þeir tala um að sannleikurinn sé skapaður fremur en fundinn.⁷ Þriðja dæmið sem ég tek, um kennslubók sem er víða notuð, er rit eftir Steven J. Taylor og Robert Bogdan. Þeir reyna að finna einhvers konar mundangshóf og verja sjónarmið sem er mitt á milli kenninga um að „raunveruleikinn sé til og hlutlaus athugandi geti aflað hlutlægrar þekkingar á honum“ og kenninga „póstmodernista sem álíta að hlutlægur veruleiki sé ekki til og að öll þekking sé algerlega huglæg“.⁸ Höfundar allra þessara þriggja kennslubóka taka afstöðu til heimspekilegra kenninga um innsta eðli þekkingar og veruleika og telja að þær skipti máli fyrir rannsakendur sem vinna úr viðtölum og öðrum eigindlegum gögnum. Í fjórðu bókinni sem ég skoðaði tekur höfundurinn, Kristin G. Esterberg, ekki beinlínis neina afstöðu, en segir að svör við grundvallarspurningum um þekkingu og veruleika verði ekki studd neinum rökum. Þau séu trúarlegs eðlis. Samt fullyrðir hún að fólk sem vinnur við rannsóknir þurfi að velja milli þess að líta svo á að til sé félagslegur veruleiki „þarna úti“ („out there“) og þess að skoða alla félagslega tilveru sem tilbúning.⁹ Hún virðist þannig álíta réttmætt, og jafnvel þarft, að byggja eigindlegar rannsóknir á umdeilanlegum forsendum sem er ókleift að rökstyðja.

Þessi frumspekilegu og þekkingarfræðilegu stórmæli, sem ég hef tæpt á, og finnst í ritum um eigindlegar aðferðir, eru stundum kölluð einu nafni hugsmíðahyggja (e. *constructivism*). Dæmi um þess háttar orðalag má finna í bók eftir Kerry E. Howell um heimspekilegar forsendur eigindlegra rannsóknaaðferða. Hann segir að hugsmíðahyggja feli í sér að ekki sé til neinn hlutlægur ytri veruleiki.¹⁰ Öll bókin gerir ráð fyrir að annaðhvort sé gjörvallur veruleikinn hugarfóstur eða allur heimurinn til óháð hugsun fólks. Í henni er enginn greinarmunur gerður á náttúrulegum og félagslegum veruleika og ekkert rætt um þann kost, sem mér sýnist álitlegastur, að skoða félagslegan veruleika sem hugsmíð en líta svo á að ríki náttúrunnar sé til óháð okkur mannfólkinu. Í mörgum fleiri ritum um eigindlegar aðferðir má finna svipaða afarkosti og Howell stillir upp, þar sem lesanda er boðið að velja milli þess að álíta allan veruleikann eiga sér tilveru, óháð því hvað menn hugsa og halda, og þess að telja heiminn allan vera einhvers konar hugarfóstur. Einnig eru dæmin um að hugsmíðahyggja sé talin útiloka hlutlæga þekkingu og hlutlægan veruleika býsna mörg en ég læt duga að nefna eitt í viðbót. Í *The*

5 Creswell 2013: 20.

6 Kvale og Brinkmann 2009: 49.

7 Kvale og Brinkmann 2009: 63.

8 Taylor og Bogdan 1998: 18.

9 Esterberg 2002: 9–14.

10 Howell 2012: 16.

Sage handbook of qualitative research lýsa Yvonna S. Lincoln, Susan A. Lynham og Egon G. Guba hugsmíðahyggju sem frumspekilegri og þekkingarfræðilegri kenningu sem styður afstæðishyggju um allan sannleika og felur í sér að öll þekking sé huglæg.¹¹

Flestir höfundar nýlegra rita um heimspekilegar undirstöður eigindlegra rannsókna styðja afstæðishyggju og hafna því að til sé hlutlægur veruleiki og hlutlæg þekking á honum. Frá þessu eru þó undantekningar eins og til dæmis Steven Eric Krauss, Martyn Hammersley, Joseph A. Maxwell og Tomas Pernecky. Þessir fjórmenningar eru á einu máli um að afstæðishyggja sé ríkjandi í skrifum um rannsóknaraðferðir af þessu tagi. Maxwell talar fyrir munn þeirra allra þegar hann segir að „það sjónarmið sé ríkjandi í skrifum um efnið að eigindlegar rannsóknir krefjast verufræði og þekkingarfræði, sem innifelur í senn hugsmíðahyggju og afstæðishyggju um allan veruleika, og kveður á um að raunveruleikinn sé félagsleg hugsmíð og eigi sér enga tilveru þar fyrir utan“.¹² Gegn þessari afstæðishyggju tefla Krauss, Hammersley og Maxwell fram gagnrýninni hluthyggju (e. *critical realism*) og rökstyðja þá skoðun að fólki, sem vinnur að eigindlegum rannsóknum, sé best að gera ráð fyrir að veruleikinn sé til óháð því hvað fólk hugsar.¹³ Pernecky lætur sér hins vegar duga að greina og gagnrýna ólíkar kenningar um heimspekilegar undirstöður eigindlegra rannsókna, án þess að gera upp á milli þeirra. Hann rökstyður þó að slíkar rannsóknaraðferðir geti átt samleið með margs konar frumspeki, þar á meðal vísindalegri hluthyggju (e. *scientific realism*), og að það geti vel farið saman að beita slíkum aðferðum og leita hlutlægrar þekkingar.¹⁴

Rökin sem talsmenn gagnrýninnar hluthyggju færa gegn afstæðishyggju nú um stundir eru sum tilbrigði við gömul stef. Allt frá tímum Platons hafa heimspekningar bent á að þeir sem halda fram afstæðishyggju um alla þekkingu falli sjálfir á eigin bragði, því samkvæmt því sem þeir segja er vitneskjan um að öll vitneskja sé afstæð, líka afstæð. Ben Kotzee ræðir þessar ógöngur allrar afstæðishyggju.¹⁵ Hann bendir á að þeir sem halda fram menningarlegri afstæðishyggju, af því tagi sem mest ber á í félagsvísindum og hugvísindum, segi í öðru orðinu að það sem er satt innan einnar menningar sé ósatt í öðrum menningarheimum, en geri svo ráð fyrir því, í hinu orðinu, að til séu hlutlæg sannindi um hvernig mannkynið skiptist í ólíka menningarheima og hvað sé satt og ósatt innan þeirra.¹⁶

11 Lincoln, Lynham og Guba 2011: 100.

12 Maxwell 2012: viii.

13 Krauss 2005, Hammersley 2008, Maxwell 2012.

14 Pernecky 2016.

15 Kotzee 2010: 181.

16 Afstæðishyggja er ekki eina heimspekilega viðundrið sem finna má í ritum um eigindlegar aðferðir. Önnur furðukenning, sem kemur afar víða fyrir, er á þá leið að pósitífismi (e. *positivism*) sé afbrigði af barnalegri hluthyggju (e. *naïve realism*), þ.e. verufræði sem gerir ráð fyrir að heimurinn sé í sínu innsta eðli eins og fólki sýnist hann vera. Fullyrðingar í þá veru má til dæmis finna hjá Taylor og Bogdan (1998), Lincoln, Lynham og Guba (2011) og Howell (2012). Howell kallar hugmyndir pósitífista um veruleikann til dæmis barnalega hluthyggju án fyrirvara og án vísana í eitt einasta rit eftir heimspekninga sem hafa sjálfir kallað sig pósitífista (sjá Howell 2012: 41). Joel Michell (2003) og Maxwell (2012) fjalla um þetta og sýna fram á að í fjölda rita um eigindlegar aðferðir eru pósitífistum eignaðar skoðanir sem eru afar ólíkar þeirri heimspeki sem Auguste Comte og Ernst Mach héldu fram á nítjándu öld og Carl Hempel og Rudolf Carnap á fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Um þetta segir Michell (2003: 17): „Þegar talsmenn eigindlegrar aðferðafræði

Íslenska orðið „hugsmíðahyggja“ og enska orðið „constructivism“ eru notuð um margs konar kenningar.¹⁷ Ég hef vitnað í nokkur rit sem lýsa hugsmíðahyggju á þá leið að hún feli í sér afneitun á hlutlægum veruleika og hlutlægrri þekkingu. Í þessum ritum eru þó engin rök fyrir þessu. Það er ekki útskýrt hvers vegna við getum ekki í senn álitíð, annars vegar, að hugsmíðahyggja sé rétt greinargerð fyrir félagslegum veruleika, og hins vegar, að til sé hlutlægur veruleiki og hlutlæg þekking. Til viðbótar við þennan skort á útskýringum er nær alger vöntun á skilgreiningum á því hvað orðin þýða. Edmore Mutekwe, Amasa Ndofirepi, Cosmas Maphosa, Newman Wadesango og Severino Machingambi fjalla um þessa vöntun á rökum og greiningu og segja að merking orðsins „constructivism“ sé sjaldan skilgreind en orðið sé gjarna notað til að „greina góðu gæjana (hugsmíðahyggjumennina) frá þeim vondu (hefðarsinnunum)“.¹⁸ Vegna þessarar losaralegu hugtakanotkunar er erfitt, og ef til vill ómögulegt, að færa almenn rök með eða á móti öllu því sem menn kalla hugsmíðahyggju. Ég mun því ekki reyna það, heldur láta duga að ræða tvenns konar hugsmíðahyggju sem ég kalla verufræðilega og þekkingarfræðilega. Þessa tvenns konar hugsmíðahyggju skilgreini ég svona:

- i. Verufræðileg hugsmíðahyggja um flokk fyrirbæra er sú skoðun að fyrirbæri í þeim flokki séu það sem þau eru í krafti einhvers sem menn hugsa eða segja.
- ii. Þekkingarfræðileg hugsmíðahyggja er sú skoðun að þekking manna sé mynduð úr þáttum – svo sem hugtökum, yrðingum og kenningum – sem eru eins og þeir eru vegna einhvers sem menn hugsa eða segja.

Þegar ég tala um að fyrirbæri sé það sem það er í krafti einhvers sem menn hugsa eða segja, á ég ekki við að hugsun og orð séu hluti af orsökum fyrirbærisins. Ég álit til dæmis ekki að veggir og girðingar séu til í krafti einhvers sem menn hugsa eða segja þótt þessir hlutir verði ekki til nema einhverjir ákveði að smíða þá og leggi í það töluverða hugsun. Hins vegar álit ég að hreppamörk og landamæri séu hreinar og klárar hugsmíðar í verufræðilegum skilningi. Munurinn á veggjum og girðingum annars vegar og landamærum og hreppamörkum hins vegar er meðal annars sá að það fyrrnefnda heldur áfram að vera til þótt enginn maður muni eftir því eða kannist við það. Eyja Margrét Brynjarsdóttir orðar svipaðan greinarmun á þá leið að verufræðileg huglægni snúist um meira en að orsök fyrirbæris „sé að finna í hugarfylgnum einhvers“. Samkvæmt því sem hún segir, og ég tek undir, „þarf tilvist þess – í fortíð, nútíð og framtíð – á einhvern hátt að vera háð hugarferlum hugsandi veru (eða hóps af hugsandi verum)“.¹⁹

lýsa andstöðu sinni við „pósítífisma“, þá kemur á daginn að það sem þeir mæla gegn er þekkingarfræðileg og verufræðileg hluthyggja sem pósítífistum er ranglega eignuð.“ Ófugt við það sem haldið er fram í ritum um eigindlegar aðferðir var pósítífisminn andstædur hluthyggju. Eins og John R. Searle (1995: 68) segir, fylgdu pósítífistar í fótspor Kants, sem reyndi að eyða öllum efa um áreiðanleika vísindalegrar þekkingar með því að afneita mismun sýndar og veruleika, enda er efahyggja útilokuð nema gert sé ráð fyrir einhverju bili milli þess sem sýnist og þess sem er.

17 Phillips 1995.

18 Mutekwe, Ndofirepi, Maphosa, Wadesango og Machingambi 2013: 55.

19 Eyja Margrét Brynjarsdóttir 2004: 155.

Í því sem hér fer á eftir rökstyð ég að hugsmíðahyggja feli í sér mikilvæg sanni-
indi um félagslegan veruleika og að rannsakendur geti nýtt sér þau, án þess að
fallast á langsóttar kenningar um að allur veruleikinn sé huglægur eða að ekki sé
kostur á hlutlægrri þekkingu. Ég reyni, nánar tiltekið, að sýna fram á eftirfarandi:

- a) Við höfum góðar ástæður til að fallast í senn á verufræðilega hugsmíðahyggju um félagslegan veruleika og þekkingarfræðilega hugsmíðahyggju um alla vísindalega þekkingu.
- b) Verufræðileg hugsmíðahyggja um félagslegan veruleika er óháð frumspökilegum kenningum um eðli alls veruleika, eins og efnishyggju eða hughyggju.
- c) Þekkingarfræðileg hugsmíðahyggja jafngildir ekki afstæðishyggju og útilokar ekki að kostur sé á hlutlægrri þekkingu.

Þessar niðurstöður mínar samrýmast gagnrýninni hluthyggju og eru um margt líkar þeirri vísindaheimspeki sem Krauss, Hammersley og Maxwell halda fram.²⁰

Ég nota orðið „afstæðishyggja“ um þá skoðun að sama fullyrðing geti verið bókstaflega sönn fyrir einn mann en ósönn fyrir annan og það eins þótt hún sé skýrð til hlítar. Samkvæmt þessu leiðir það ekki til afstæðishyggju þótt einn maður segi, með sanni, að það sé rigning og annað maður segi, með sanni, að það sé úrkomulaust, nema þeir séu staddir á sama stað á sama tíma. Fullyrðingar þeirra um úrkomu og úrkomuleysi hætta að stangast á ef þær eru skýrðar til hlítar þannig að annar meini að það rigni á Hellu og hinn að það sé úrkomulaust á Hvolsvelli. Það er hins vegar afstæðishyggja að álíta að það sé satt meðal náttúrufræðinga að aukning koltvísyrings í andrúmslofti verði til þess að hitastig á jörðinni hækki en sama fullyrðing sé ósönn ef hún er sögð í hópi fólks sem ekki tekur mark á raunvísindum. Þeir sem hafna afstæðishyggju líta svo á að ef þessir tveir hópar manna eru ósammála, um áhrif aukins koltvísyrings, þá hafi að minnsta kosti annar þeirra rangt fyrir sér.

Þegar ég tala um *hlutlæga þekkingu* á ég við þekkingu sem maður hefur og aðrir menn geta sannreynt eða staðfest. Hún gildir fyrir alla menn óháð hugarfari þeirra og hugarástandi. Þegar ég tala um *hlutlægan veruleika* á ég við hluti og fyrirbæri sem eru til óháð því hvað við hugsum og höldum. Þetta eru losaralegar og ófullkomnar skilgreiningar, enda reyni ég að orða það sem ég segi um hlutlægan veruleika og hlutlæga þekkingu nógu almennt til að niðurstöður mínar velti sem minnst á tilteknum kenningum um skilsmun þess huglæga og hlutlæga.²¹

20 Krauss 2005, Hammersley 2008 og Maxwell 2012.

21 Ég bendi lesendum, sem vilja dýpri umfjöllun um greinarmun þess huglæga og þess hlutlæga, á skrif Eyju Margrétar Brynjarsdóttur 2004, 2008.

Um hughyggju og afneitun hluthyggju

Að mínu viti geta vísindamenn beitt eigindlegum aðferðum við rannsóknir í félagsvísindum án þess að taka afstöðu til heimspekikenna á borð við hughyggju og efnishyggju. Ég held að það sé samt vel þess virði að átta sig á því hvernig afstæðishyggjan og andstaðan gegn hluthyggju, sem mest ber á í skrifum um aðferðafræði, eru afsprengi heimspekisögu þar sem talsmenn slíkra allsherjarkenna um eðli alls veruleika voru í aðalhlutverkum. Mikið af því sem ritað er um hugsmíðahyggju á rætur í kenningum sem Immanuel Kant setti fram í *Gagnrýni breinnar skynsemi* árið 1781. Í þeirri miklu bók, sem olli aldahvörfum í heimspeki Vesturlanda, reyndi Kant að sýna fram á að þekking okkar á rúmfræði og ýmsum grundvallareiginleikum efnisheimsins gæti ekki fjallað um veruleika sem væri alls óháður mannhuganum, því þá væri hún hvorki óumdeilanleg né þekkt á undan allri reynslu. Þorsteinn Gylfason orðar hugmyndir Kants um sannindi rúmfræðinnar á þann veg að hann hafi talið þau *raunhæf fyrirframsannindi*: raunhæf, því þau lýstu heiminum og fyrirframsönn, því engar rannsóknir á veruleikanum þyrfti til að staðfesta þau.²²

Rökin sem Kant færði fyrir því að heimur rúms og tíma væri skynheimur okkar, og háður því hvernig við hugsum, snerust mest um að sýna fram á að ef rúmið væri óháð huganum, þá fjölluðu sannindi rúmfræðinnar um veruleika sem við þekktum aðeins af takmarkaðri reynslu. Slík reynsluþekking getur, svo dæmi sé tekið, ekki tryggt algera fullvissu um að það gildi alltaf, og án allra frávíka, að hornasumma þríhyrnings sé 180 gráður. Mælingar á þríhyrningum geta í mesta lagi staðfest að hornasumman sé um það bil 180 gráður, innan skekkjumarka þeirra mælitækja sem við höfum. Þær geta hvorki fært okkur vissu um hornasummu þríhyrnings í fjarlægum hlutum geimsins né um þríhyrninga sem eru of litlir til að vera mælanlegir með þeim tækjum sem við höfum. Það virðist því vera rétt hjá Kant að ef við vissum, með óhagganlegu öryggi, að setningar rúmfræðinnar giltu um allan geiminn, þá gæti þessi geimur ekki verið raunveruleiki sem væri óháður huganum og við þekktum aðeins af reynslu.²³ Af þessu ályktaði Kant að ýmis grundvallarlögmál náttúrunnar giltu um reynsluheim okkar vegna þess hvernig hann mótaðist af skynjun okkar og hugsun. Kant hugði þó að til væri veruleiki handan reynslunnar, en taldi hann óþekktanlegan með öllu og því ekki viðfangsefni neinna vísinda. Niðurstaða hans var því að sá veruleiki sem raunvísindin fjölluðu um ætti sér ekki tilveru óháð huganum. Meginhugsunina í rökfærslu hans er hægt að draga saman á þessa leið:

Forsenda 1: Ef eiginleikar rúmsins eru þekktir af öryggi, þá eru þeir háðir hugsun okkar.

Forsenda 2: Eiginleikar rúmsins eru þekktir af öryggi.

Niðurstaða: Eiginleikar rúmsins eru háðir hugsun okkar.

²² Þorsteinn Gylfason 2005: 30.

²³ Kant 1980: 85.

Rök Kants fyrir fyrri forsendunni eru meðal þess mikilfenglegasta í sögu vestrænnar heimspeki. Hann taldi þau staðfesta niðurstöðu sína, því hann hafði ekki áhyggjur af að seinni forsendan væri vafa undirorpin. En síðan Kant var og hét, hefur það runnið upp fyrir vísindamönnum, sem fjalla um heim rúms og tíma, að þessi forsenda er einfaldlega ósönn.²⁴

Í raunvísindum nútímans eru uppi kenningar um alheimsgeim þar sem rúmið er sveigt, fleiri viddir en þær þrjár sem við hreyfum okkur í og um furðulega rúmfræði í heimi öreindanna. Þessar kenningar eru tilgátur. Þær eru til rökræðu og endurskoðunar í ljósi nýrra rannsókna en ekki sannindi sem menn þekkja af fullkomnu öryggi og á undan allri reynslu. Eigi að síður eru rök Kants grundvöllur flestra hughyggjukenna síðustu tveggja alda. Um þetta segja Jeremy Dunham, Iain Hamilton Grant og Sean Watson, í bók sinni um sögu hughyggjunnar, að þegar Kant vakti máls á að reynslan væri ákvörðuð af formgerðum sem byggju í huganum, fremur en í heiminum, þá hafi vaknað spurningar um hvað ákvarðaði þessar formgerðir hugans. Rökræða um slíkar spurningar segja þeir að hafi mótað alla heimspeki tuttugustu aldar.²⁵

Saga þessarar rökræðu meðal heimspekinga á meginlandi Evrópu er sögð í bók eftir Lee Braver. Hann byrjar á að gera grein fyrir kenningu Kants, um að sá heimur sem við þekkjum sé heimur fyrirbæra, og þau séu mótuð af okkar eigin hug. Síðan rekur hann söguna gegnum verk eftir Hegel, Nietzsche og Heidegger og endar á Foucault og Derrida. Þessi saga er saga um sífellt róttækara fráhrif frá hluthyggju. Stígandinn í frásögninni felst ekki í því einu að heimurinn teljist í auknum mæli afsprengi hugarstarfs, heldur líka í því að formgerðir hugsunarinnar, sem móta heim okkar, kváðu í sívaxandi mæli háðar breytilegum þankagangi mannfólksins. Kant lýsti föstum hugkvíum (e. *categories*) sem mótuðu einn sam-eiginlegan heim sem mennirnir þekktu. Samkvæmt honum var heimur rúms og tíma háður þáttum í hugsun okkar sem voru sammannlegir. Hann áleit því að lögmál náttúrunnar giltu eins fyrir alla menn á öllum tímum. Hegel taldi hins vegar að hugkvíarnar breyttust frá einu skeiði mannkynssögunnar til annars. Þegar kom fram á tuttugustu öld álitu Heidegger og fleiri að þær yltu á hverfulum hugtakakerfum sem ákvörðuðu í senn eðlisgerð mannfólksins og alls veruleikans.²⁶ Raunveruleikinn virtist orðinn ansi laus í reipunum, þar sem sannleikurinn um heiminn var sagður velta á breytilegum þankagangi fólks og vera ólíkur frá manni til manns.

Afstæðishyggjan, andstaðan gegn hluthyggju og áherslan á það huglæga, sem finna má í kennslubókum um eigindlegar aðferðir, virðist, að minnsta kosti að hluta til, afsprengi þessarar heimspekisögu, þar sem mannhuganum er ætlað sífellt meira vald yfir veruleikanum. Sú gerð hughyggju sem Kant hélt fram gerði ráð fyrir að hlutirnir í sjálfum sér væru til óháð hugsun okkar, en það hvernig þeir birtust okkur í rúmi og tíma ylti á gerð hugans. Hughyggjan sem við tók, undir áhrifum frá Hegel, hafnaði því að það væri nokkur annar heimur til en reynslu-

²⁴ Sjá t.d. Sklar 1977: 82–87.

²⁵ Dunham, Grant og Watson 2014: 99.

²⁶ Braver 2007: 472.

heimur okkar, það sem birtist væri eini veruleikinn, og hvernig það birtist ylti á hugtökum okkar, hugmyndum og menningu sem væru afsprengi sögu og siðar.

Það sem segir um breytilegan sannleika, og að veruleikinn sé ekki einn heldur margur, í ritum um eigindlegar aðferðir, virðist oftast byggjast á einhvers konar hughyggju eða kenningum í þá veru að hugurinn móti heiminn. Afstæðishyggjan og hughyggjan ganga þarna hönd í hönd. Mér finnst þó rétt að vara við því að slá þessu tvennu saman, enda voru þeir þættir í heimspeki Kants, sem mynduðu uppistöðuna í hughyggju nítjándu aldar, spunnir til þess að forðast afstæðishyggju og skýra hvers vegna sami sannleikur um heim rúms og tíma gilti fyrir alla menn. Það er sem sagt vel hægt að aðhyllast hughyggju án þess að fallast á afstæðishyggju um allan sannleika. Hughyggja er ekki andstæða hluthyggju, heldur efnishyggju. Í bók sinni um sögu hughyggjunnar, sem ég vitnaði í hér að framan, segja Dunham, Grant og Watson að þeir, sem líta svo á að hughyggja útiloki að til sé hlutlægur sannleikur og hlutlægur veruleiki, gefi sér, að ástæðulausu, að það sem hughyggjumenn kalla veruleika sé ekki alvöru veruleiki. Margar útgáfur hughyggju fela í sér greinargerð fyrir raunveruleika sem er til óháð því hvað einstökum mönnum býr í huga. Þeir sem gera ráð fyrir tilvist guðdóms, eða andlegs veruleika utan og ofan við mannlífið, álíta jafnvel að veruleikinn sé til óháð því hvað gervallt mannkynið hugsar og heldur. Það eru sem sagt til margar gerðir af hlutlægri hughyggju (e. *objective idealism*).²⁷ Sú gerð sem George Berkeley boðaði á átjándu öld kvað til að mynda á um að heimurinn væri hugsanir í huga guðs og sannleikurinn um almættið væri til óháð því hvað fólk hugsar. Ég held að um þetta hafi þeir Dunham, Grant og Watson lög að mæla og mér þykir líklegt að þorri hughyggjumanna frá tímum Berkeleyys og fram á síðustu öld hafi álitnið að efnishyggja væri ósönn greinargerð fyrir eðli veruleikans: Það væru hlutlæg sannindi að hún væri ósönn, og hún héldi áfram að vera ósönn, jafnvel þótt allt fólk tæki upp á því að telja hana sanna.

Kjarni allrar hughyggju er að hugurinn og hugsunin séu hinn hinsti veruleiki og efnisheimurinn sé afsprengi hugsunar. Af þessum kjarna leiðir hvorki afstæðishyggju né að sannleikurinn um heiminn velti á því hvernig menn halda að hann sé. Þótt ekki séu allir hughyggjumenn hallir undir afstæðishyggju, virðast þeir sem boða afstæðishyggju um allan sannleika að jafnaði hallir undir hughyggju. Þeir sem álíta að veruleikinn sé hugarburður, og að efnishlutir séu það sem þeir eru vegna einhvers sem fólk hugsar eða segir, geta tæpast álitnið að efnishyggju sé til óháð hugsuninni.

Ég veit ekki um nein rök sem skera úr um það hvort hugsun af einhverju tagi kom á undan efnisheiminum eða hvort hugurinn er aðeins til vegna einhvers sem gerist í efniskendum líkama. Ég þykist hins vegar vita að sú hughyggja, sem mest hefur borið á frá tímum Kants, var upphaflega leidd af forsendum sem standast ekki. Hún varð til vegna þess að á átjándu öld héldu lærðir menn sig hafa óhagganlega vissu um ýmsa grundvallareiginleika efnisheimsins, þar á meðal um rúmfræði sem gilti um allan geiminn. Af þessu leiðir ekki að hughyggja sé

²⁷ Dunham, Grant og Watson 2014: 26.

ósönn, heldur aðeins að það sem menn töldu sanna hana, gerir það ekki. Dýpstu spurningum heimspekinnar, um samband hugar og heims og hvernig vitundin tengist líkamanum, er enn ósvarað.

Hvað kemur þetta eigindlegum aðferðum við? Ég held að svarið sé í stuttu máli að fyrir þá sem stunda rannsóknir er yfirleitt heppilegra að forðast forsendur sem eru mjög umdeilanlegar. Það er því ekki ráðlegt, að minnsta kosti ekki að nauðsynjalausu, að láta svo heita að forsendur rannsóknaraðferðanna séu hugsmíðahyggja um allan veruleikann eða aðrar hugmyndir sem fela í sér stórar frumspækikenningar á borð við hughyggju eða efnishyggju. Hugsum okkur að einhver rannsaki til dæmis einelti í skóla og endi með niðurstöður sem gætu hjálpað skólasamfélaginu að vinna gegn því. Ef aðferðafræði rannsóknarinnar er kynnt eins og gildi hennar velti á mjög umdeilanlegum kenningum á sviði frumspæki, er eins víst að það verði til þess að fólk, sem aðhyllist annars konar sýn á heiminn, vilji síður nýta niðurstöðurnar. Að flagga umdeilanlegri forsendum en þörf er á dregur þá úr notagildi rannsóknarinnar.

Félagslegur veruleiki

Hvað sem við kunnum annars að halda um frumspækileg efni, og hvort sem við höllumst að hughyggju eða efnishyggju, hljótum við að greina milli félagslegs veruleika og þess náttúrulega. Ég ætla ekki að halda því fram að skilin þarna á milli séu alls staðar skörp. Fjölmörg hugtök sem við notum ná yfir samspil náttúrulegra eiginleika og samfélagshátta. Sem dæmi um hugtök sem eru flókin með þeim hætti má nefna *barn*, *kyn* og *kynþátt*. En mörk þess félagslega og þess náttúrulega eru jafn raunveruleg þótt sum hugtök sem við notum dagsdaglega eigi ítök beggja vegna. Landamæri eru til að mynda félagslegur veruleiki en ár og lækir eru náttúrufrýrbæri. Ríki og landamæri milli þeirra eru ekki til nema fólk álíti þau vera til og þau hætta að vera til um leið og fólk hættir að viðurkenna tilveru þeirra. Einu sinni voru landamæri milli Austur-Þýskalands og Vestur-Þýskalands. Þau eru þar ekki lengur. Þau hætta að vera til þegar fólk (í ákveðnum valdastöðum) afréð að sameina Þýskaland. Eftir það voru girðingarnar bara girðingar en ekki landamæri. Fyrir fáeinum öldum síðan voru engin landamæri milli Bandaríkjaanna og Mexíkó. Þessi ríki voru ekki til. Landamærin urðu veruleiki vegna þess að fólk viðurkenndi þau sem veruleika. Það þurfti ekkert annað til en yfirlýsingar sem menn tóku mark á. Það er hins vegar ekki hægt að skapa ár og lækir með því einu að segja eitthvað og fá fólk til að taka mark á því, enda væri þá hægt vandi að breyta eyðimörk í aldingarð.

Til að landamæri séu til þurfa þau að vera viðurkennd. Þetta jafngildir því ekki að allir þurfi að samþykkja þau eða vera sáttir við tilveru þeirra. Fólk sem álitur að betra væri að búa í heimi án landamæra viðurkennir samt að yfirvöld og þorri fólks tekur mark á yfirlýsingum um hvar landamæri liggja. Við gerum okkur grein fyrir að félagslegur veruleiki sem byggist á huglægri afstöðu er til, hvort sem við teljum þá afstöðu sem um ræðir skynsamlega eða óskynsamlega.

Í neðanmálsgrein við fyrsta kafla *Auðmagnsins* segir Karl Marx að einstakur maður sé kóngur vegna þess eins að aðrir menn venslast honum sem þegnar. Þessir aðrir menn ímynda sér samt að þeir séu þegnar vegna þess að hann sé kóngur.²⁸ Þessi athugasemd, sem Marx gerði um kónga, hnígur í sömu átt og það sem ég segi hér um landamæri. Það er hægt að tildra upp girðingu hvar sem er, en hún verður ekki að landamærum nema hún sé viðurkennd sem landamæri. Það er líka hægt að klæða hvern sem er í pell og purpura, en hann verður ekki kóngur fyrir en fólk viðurkennir hann sem slíkan.

Landamæri og kóngar eru það sem þau eru vegna einhvers sem fólk hugsar og segir. Verufræðileg hugsmíðahyggja (eins og hún er skilgreind af setningu i) er sannleikurinn um tilveru þessara fyrirbæra. Ár og lækir falla hins vegar til sjávar hvað sem fólk hugsar og segir. Þau runnu eftir farvegum sínum áður en mannkynið varð til og halda líklega áfram að gera það löngu eftir að síðasta mannskepnan fer veg allrar veraldar.

Þetta sem ég hef sagt um ríki, landamæri og kónga á almennt við um stofnanir samfélagsins og félagsleg fyrirbæri, svo sem hjónabönd og peninga. Hjónaband verður til með orðaðri yfirlýsingu sem menn taka mark á og skoða sem bindandi. Seðlar, mynt og stafræn gögn eru peningar í krafti þess að menn taka mark á venjum eða yfirlýsingum um að þau séu gild til lúkningar skulda. Verufræðileg hugsmíðahyggja um þessa hluti er ekki kenning sem menn geta valið að hafna. Hún er allt of augljóslega sönn til þess. Ef til er fólk sem álitur að landamæri, kóngar, hjónabönd eða peningar séu til, algerlega óháð því hvað fólk hugsar og segir, þá hefur það ósköp einfaldlega rangt fyrir sér. Sömuleiðis skjátlást þeim sem halda að náttúrufráirbæri spretti af hugsun fólks. Ef einhver álitur til dæmis, í alvöru, að ár og lækir á jörðinni séu til komin vegna orðræðu eða yfirlýsinga sem menn hafa gefið, þá hlýtur viðkomandi að trú á galdra.

Það er óhjákvæmilegt að greina milli félagslegs og náttúrulegs veruleika. Við þurfum að gera þetta hvað sem við annars höldum um innsta eðli alls veruleika. Ef einhverjum er í mun að halda fram hughyggju, og álíta að heimurinn sé aðeins til sem reynsluheimur, eða hugsanir í huga guðs, eða að það efnislega fljóti með einhverjum öðrum hætti ofan á vitundinni, þá verða mörkin sem hann dregur milli þess félagslega og þess náttúrulega ef til vill innan í ríki andans – en mörk engu að síður.

Í bók sinni *Making the social world: The structure of human civilization* gerir John R. Searle grein fyrir því hvernig félagsleg fyrirbæri verða til þegar menn gefa yfirlýsingar sem tekið er mark á með tilteknum hætti. Þetta er vandaðasta greinargerð um efnið sem ég þekki. Í stuttu máli er niðurstaða Searles sú að við höfum hlutlæga þekkingu á félagslegum staðreyndum og að fullyrðingar um þær séu, eins og aðrar fullyrðingar, ýmist sannar eða ósannar. En staðreyndirnar sem fullyrt er um, eru engu að síður hugarburður í þeim skilningi að þær eru til orðnar vegna huglægrar afstöðu, nánar tiltekið vegna þess að fólk tekur mark á yfirlýsingum.²⁹

28 Marx 1999.

29 Searle 2010: ix.

Sannindi um landamæri og peninga eru sannindi, sem við höfum hlutlæga þekkingu á, þótt þau fjalli um fyrirbæri sem eru aðeins til sem hugsmíðar.

Í samantekt á meginefni bókar sinnar segir Searle að fjöldi fyrirbæra sé með augljósum hætti huglægur, til dæmis vonir, ótti og sársauki. Fjöldmörg fyrirbæri, eins og fjöll eða sameindir, eru líka algerlega laus við að vera huglæg. En til viðbótar, við það sem er einfaldlega huglægt og það sem er það einfaldlega ekki, eru félagsleg fyrirbæri eins og peningar og hjónabönd. Þau eru ekki staðsett í huganum en eiga samt tilveru sína undir viðhorfum okkar.³⁰ Félagsleg fyrirbæri eru ekki hugarástand eins og von, ótti eða sársauki, enda er hugarástand einstaklings ekki félagsleg hugsmíð. Það er til hvað sem aðrir segja um það og hvort sem aðrir taka mark á yfirlýsingum um það.³¹ Mér hættir til dæmis ekki að vera illt í fætinum þótt allir aðrir hætti að taka mark á orðum mínum þar um. Íslenska krónan hættir hins vegar að vera gjaldmiðill ef fólk hættir að taka mark á staðhæfingum um að hún sé það.

Eftir að bók Searles kom út árið 2010 hafa aðrir bætt við greinargerð hans. Mikilvægasta viðbótin sem mér er kunnugt um birtist í nýlegri grein eftir J. P. Smit og Filip Buekens.³² Dæmin um félagslegan veruleika sem Searle fjallar um snúast einkum um veruleika sem verður til þegar fólk tekur mark á orðuðum yfirlýsingum, en Smit og Buekens benda á félagsleg fyrirbæri sem eru til komin fyrir þegjandi samkomulag. Greining þeirra byggist á leikjafræði og er að nokkru framhald af kenningu um venjur sem David Lewis setti fram fyrir næstum hálfri öld síðan.³³

Þótt félagslegur veruleiki sé aðeins til í krafti einhvers sem fólk hugsar, segir og gerir, þá getum við, eins og Searle bendir á, haft hlutlæga þekkingu á honum.³⁴ Þekkingarfræðilegur greinarmunur á huglægri og hlutlægri vitneskju fellur ekki saman við frumspekilegan greinarmun á huglægum og hlutlægum veruleika. Þegar þetta hefur einu sinni verið sagt sémilega skýrt, eins og Searle gerir, þá er þetta tæpast umdeilanlegt. Vitneskja mín um hvar landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó liggja er um það bil eins hlutlæg og vitneskja mín um hvar Ríó Grande rennur í Mexíkóflóa. Þótt landamærin séu þarna vegna huglægra viðhorfa fólks, er vitneskjan um að þau séu þarna hlutlæg vitneskja um afleiðingar af einhverju sem fólk hefur hugsað og sagt.

Kenning Searles um félagslegan veruleika er verufræðileg hugsmíðahyggja. Áherslurnar í bók hans eru samt talsvert ólíkar þeim sem mest ber á í skrifum um hugsmíðahyggju innan félagsvísinda. Munurinn liggur einkum í því að umfjöllun Searles er fyrst og fremst rökleg greining, en flest önnur skrif, um að félagslegur veruleiki sé afsprengr hugans, hafa einhvern boðskap að geyma eða snúast um að sýna fram á að þessi veruleiki geti verið öðruvísi en hann er.

30 Searle 2010: ix.

31 Searle 2010: 17.

32 Smit og Buekens 2017.

33 Lewis 1969.

34 Searle 2010: 18.

Að hlutirnir gætu verið öðruvísi

Í bók sinni *The social construction of what?* segir Ian Hacking að fyrsta bókin sem hafði orðasambandið „social construction“ í titli sínum hafi verið *The social construction of reality: A treatise in the sociology of knowledge* eftir Peter Berger og Thomas Luckmann.³⁵ Í þeirri bók, sem kom út árið 1966, rökstyðja Berger og Luckmann að þótt félagslegur veruleiki sé myndaður af huglægum meningum, hafi fólk tilhneigingu til að hlutgera hann og upplifa hann eins og grjótharðar staðreyndir sem ekkert fær breytt. Samkvæmt því sjái fólk félagslegan veruleika með svipuðum hætti og Karl Marx sagði að þegar sæju konung sinn: Eins og eitthvað, sem sé það sem það er, óháð því hvað þeir hugsa og halda. Samkvæmt því sem Berger og Luckmann segja gerir þessi hlutgerving félagslegan veruleika okkar framandlegan og ómanneskjulegan.

Hugsmíðahyggjan sem Berger og Luckmann rökræða er öðrum þræði frumspækileg, eða nánar tiltekið verufræðileg, kenning. Eins og kenning Searles fjallar hún um eðli félagslegs veruleika. En hún er ekki einvörðungu kenning um hvað félagslegur veruleiki er, heldur er hún líka greinargerð fyrir því hvernig og hvers vegna fólk upplifir hinn félagslega veruleika eins og hann sé eitthvað annað en hann er, og álíti að það, sem er í raun og veru jafn hvikult og hugsun fólks, sé fast fyrir og óbreytanlegt. Ekki verður séð af texta bókarinnar að Berger og Luckmann hafi talið sig styðja afstæðishyggju og þeir ætluðu sér greinilega ekki að útiloka að fólk ætti kost á hlutlægrri þekkingu um félagslegan veruleika. Þeir halda því raunar fram að „heimur vísindanna búi yfir möguleikum á að vera að miklu leyti óháður sínum eigin samfélagslegu undirstöðum“.³⁶ Þeir gefa einnig til kynna að vitneskjan um það hvernig félagslegur veruleiki er háður huglægri afstöðu sé hlutlæg þekking og að þessi þekking færi mönnum frelsi og betri tök á eigin tilveru.

Í áður nefndri bók sinni segir Hacking að eftir að bók Bergers og Luckmanns kom út hafi flestir fræðimenn, sem fjölluðu um einhverjar hliðar veruleikans sem félagslega hugsmíð, ætlað verkum sínum að þjóna siðferðilegum eða samfélagslegum málstað. Þeir sem halda fram hugsmíðahyggju um einhvern flokk fyrirbæra, X, álíta gjarna að „tilvera X sé ekki óhjákvæmileg og X þurfi ekki að vera eins og það er X, eða X eins og það er í samtímanum, sé ekki ákvarðað af náttúru hlutanna, það sé engin nauðsyn.“ Hann bætir því svo við að höfundar umræddra skrifa gangi oft skrefi lengra og segi að okkur væri betra „að losa okkur við X, eða að minnsta kosti að gera á því róttækar breytingar“.³⁷

Sally Haslanger nýtir sér greinargerð Hackings í skrifum sínum um hugsmíðahyggju. Hún gerir ítarlega og afar vel rökstudda grein fyrir því hvernig skilningur á félagslegum veruleika, sem hefur fengist með því að afhjúpa hvernig fyrirbæri eins og kyn og kynþáttur (e. *race*) eru afsprengi hugsunar okkar, samrýmist í senn vísindalegri hluthyggju um ríki náttúrunnar og þekkingarfræði sem gerir ráð fyrir að vitneskja okkar um efni eins og kyn og kynþætti sé hlutlæg þekking.³⁸ Við

35 Hacking 1999: 24.

36 Berger og Luckmann 1966/1971: 104.

37 Hacking 1999: 6.

38 Haslanger 2012: 183–218.

getum flokkað fólk á ótal vegu, til dæmis eftir blóðflokki, tungumálum sem það talar, upprunalandi, húðlit, skeggvexti, skóstærð eða því hvort það hefur y-litning. Slík flokkun getur stuðst við hlutlægar staðreyndir. En séu nokkur kennimörk valin til að skipta mannkyni í tvennt, til dæmis í „hvítt“ fólk og „litad“, þá eru dregin „landamæri“ sem eru jafn háð huglægri afstöðu og hver önnur hreppamörk. Það er kunnara en frá þurfi að segja að „landamæri“ af því tagi eru oft notuð til að breiða yfir og reyna að réttlæta ýmiss konar ósanngirni.

Pau Hacking og Haslanger benda bæði á að fjölmörg félagsleg fyrirbæri séu augljóslega hugsmíð í þeim skilningi að þau séu sprottin upp af einhverju sem fólk hefur sagt eða gert og hefði getað verið öðruvísi. Fáir hugsmíðahyggjumenn hirða þó um að lýsa fyrirbærum sem félagslegri smíð, nema einhverjir álíti, ranglega, að þau séu óhjákvæmileg og óháð talsmáta okkar og þankagangi. Af þessum sökum finnum við ekki margar bækur þar sem lesendur eru upplýstir um að gjaldmiðlar heimsins eða breska krúnan séu félagslegar hugsmíðar. Þetta er of óumdeilanlegt til að orðum sé á eyðandi.³⁹ Þegar rætt er um eitthvað sem félagslega hugsmíð er það, samkvæmt því sem Hacking segir, oftast gert til þess að sýna fram á að það sé ekki jafn óhjákvæmilegt og talið er – og í meira mæli en fólk heldur háð hugsun okkar, talsmáta og samfélagsháttum. Meðal þess sem talsmenn hugsmíðahyggju hafa gjarnan að skotspæni eru flokkar fyrirbæra sem Hacking kallar gagnvirkar tegundir (e. *interactive kinds*).⁴⁰ Hugtakið *glæpamaður* er dæmi um hugtak yfir gagnvirka tegund, því þegar hugtakið er látið ná yfir hóp af fólki, breytist hugsun þess og hegðun. Beiting hugtaksins breytir þannig þeim félagslega veruleika sem um er fjallað. Um þetta eru ótal dæmi, í öllum álfum heims, þar sem tilveru fólks hefur verið umturnað með því að glæpavæða alls konar athæfi frá fóstureyðingum til notkunar kannabisefna.

Þekking okkar á fyrirbærum, sem eru félagslegar hugsmíðar, hefur stundum áhrif á fyrirbærin sjálf. Hún getur breytt huglægri afstöðu fólks og þar með þeim veruleika sem er til í krafti huglægrar afstöðu. Upplýsingar geta líka á ýmsan annan hátt breytt þeim veruleika sem þær fjalla um. Ef maður skrifar dagbók fer hann kannski að vanda betur daglega breytni vegna skrifa sinna. Ritun ævisögunnar breytir þá þeirri ævi sem um er fjallað. Í slíkum tilvikum er kannski freistandi að segja, eins og Kvale og Brinkmann, að sannleikurinn sé skapaður fremur en fundinn.⁴¹ En auðvitað er ekki þar með sagt að hvaðeina sem mönnum dettur í hug að skrifa í dagbók sé satt í krafti þess eins að vera skrifað.

Berger og Luckmann héldu ekki fram frumspækilegri hugsmíðahyggju um allan veruleika eins og ýmsar nýlegar kennslubækur um eigindlegar aðferðir gera. Félagsvísindamenn, sem tóku við keflinu eftir að bók þeirra kom út árið 1966, gerðu það ekki heldur, enda er hugsmíðahyggja um veruleikann sem heild, bæði náttúru og samfélag, ákaflega ótrúleg kenning. Mér virðist hún líka til marks um óttalegt ábyrgðarleysi. Ef fólk heldur að allur veruleikinn sé aðeins til sem hugsmíð okkar mannanna, hlýtur það þá ekki að halda að áhrif mengunar eða

39 Hacking 1999: 12.

40 Hacking 1999: 103–109.

41 Kvale og Brinkmann 2009: 63.

kjarnorkustyrjalda á líf okkar velti algerlega á því hvað við hugsum og höldum um slík efni? Ég átta mig ekki á hvernig hugsmíðahyggjumenn um allan veruleikann geta svarað, af ábyrgð og heilindum, ef þeir eru spurðir hvort ekki sé hægt að gera kjarnorkuvopn skaðlaus með því að hugsa á öðrum nótum um orku, geislun og kjarnahvörf. (Ástæðan fyrir því að kjarnorkuvopn eru skelfileg ógn, og það ætti að eyða þeim, er að þau geta drepið allt mannkyn óháð því hvað við hugsum og höldum.)

Það er ef til vill ekki í tísku, og ef til vill ekki stundað, að ræða um fyrirbæri eins og landamæri og peninga sem félagslega smíð. Þau ráðast með of augljósum hætti af því sem fólk tekur mark á til að það sé efni í bitastæða heimspeki. En ég get samt illa varist þeirri hugsun að það sé tímabært að menn geri sér betur ljóst að landamæri og peningar eiga tilveru sína undir því að við tökum mark á pólitískum yfirlýsingum og valdsorðaskaki. (Raunar var eðli peninga breytt með talsvert afgerandi hætti fyrir næstum hálfri öld síðan þegar bandarísk yfirvöld lýstu því yfir að dalurinn jafngilti ekki lengur tilteknu magni af gulli.) Tugmilljónir flóttamanna, og skuldir sem eru að sliga heil samfélög, eru að hluta til afleiðingar af staðreyndum um landamæri og peninga: staðreyndum sem eru eins og þær eru vegna þess að fólk hugsar og talar með tilteknum hætti.

Ég hef nú tilgreint ástæður til að fallast á verufræðilega hugsmíðahyggju um félagslegan veruleika. Ég hef einnig rökstutt að þessar ástæður séu óháðar frumspékilegum kenningum eins og hughyggju og efnishyggju sem fjalla um eðli alls veruleika. Ég á enn eftir að útskýra hvers vegna ég er einnig fylgjandi þekkingarfræðilegri hugsmíðahyggju.

Kenningar, líkön, kort og lýsingar

Hammersley, sem ég nefndi í inngangi þessarar greinar, segir í bók sinni um eigindlegar rannsóknaraðferðir að hugsmíðahyggja um þekkingu sé að hluta til sjálfsgöð sannindi, því sérhver greinargerð fyrir veruleikanum sé búin til af fólki og styðjist við félagslegar hefðir. Hann rökstyður með sannfærandi hætti, eftir því sem ég best fæ séð, að þetta gefi ekkert tilefni til afstæðishyggju eða fullyrðinga um að tvær greinargerðir sem eru í mótsögn hvor við aðra geti báðar verið sannar.⁴² Maxwell, sem einnig kom við sögu í inngangi, heldur líka fram þekkingarfræðilegri hugsmíðahyggju og færir rök að því að hún útiloki ekki að þekking okkar sé hlutlæg. Um þetta segir hann meðal annars að við trúum því að jörðin hafi verið hnöttótt og snúist um sólina löngu áður en menn gerðu sér nokkra grein fyrir því. Hann nefnir líka að flest okkar trúu því að lofthiti á jörðinni sé að hækka og það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir mannkynið, og það eins þótt fólk neiti að trúa því. Það eru einfaldlega til hlutlæg sannindi um náttúruna og þessi sannindi velta á öðru en því hvað fólk hugsar og heldur. Maxwell bætir því svo við að þekking okkar á veröldinni sé aldrei fullkomin, vafalaus eða alger.⁴³

⁴² Hammersley 2008.

⁴³ Maxwell 2012: vii.

Maxwell og Hammersley halda báðir fram brigðhyggju um þekkingu (e. *fallibilism*) og telja að vísindalegar kenningar og greinargerðir fyrir veruleikanum verði aldrei hafnar yfir efa og grun, heldur séu þær sífellt til endurskoðunar. Þetta viðhorf þeirra er í góðu samræmi við það sem segir í kaflanum um vísindalega hluthyggju í *The Stanford encyclopedia of philosophy*, að hluthyggjumenn um veruleikann aðhyllist yfirleitt brigðhyggju um þekkingu.⁴⁴ Í þessum sama kafla eru einnig færð rök fyrir því að hugsmíðahyggja um þekkingu, og viðurkenning á því að þekking manna mótist af samfélagsháttum þeirra, samræmist því vel að náttúrulegur veruleiki sé til óháð því hvað menn hugsa og segja.

Eins og ég gerði grein fyrir í inngangi afneita fjölmargir höfundar rita um eigindlegar rannsóknaraðferðir hlutlægum veruleika og taka afstæðishyggju fram yfir brigðhyggju. Mig grunar að ein helsta ástæðan fyrir þessu sé að þeir eigi erfitt með að setta sig við óvissuna og öryggisleysið sem við blasir um leið og það er viðurkennt að veruleikinn sem á að rannsaka eigi sér tilveru sem er óháð kenningum, líkönnum, kortum og lýsingum rannsækenda. Þetta á jafnt við hvort sem rannsóknarefnið er náttúrufræðilegt eða eitthvað í samfélaginu. Þótt félagslegur veruleiki sé hugsmíð, og þar með háður því hvernig fólk hugsar og talar og hverju það tekur mark á, er hann að mestu leyti óháður því sem fræðimenn segja og skrifa. Peningar og landamæri eru það sem þau eru, vegna huglægrar afstöðu þorra fólks, en ekki vegna þess sem hagfræðingar eða landfræðingar hafa við hana að bæta.

Tal um sköpun og framleiðslu á þekkingu, þar sem vísindum er líkt við einhvers konar iðnað, virðist ýta undir óttann við óvissuna og vinna gegn því að brigðhyggja falli mönnum vel í geð. Ef litið er á vísindi og rannsóknir sem framleiðslu á þekkingu, fremur en sem samræðu, ferðalag eða ævintýri, er stutt í að halda að þekking, sem er vafa undirorpin, sé svikin vara. Ef menn vilja endilega líkja rannsóknnum við iðnað, þá er viðbúid að þeim líki heldur illa við þekkingarfræði, sem neyðir þá til að samþykkja að þeir geti sjaldan eða aldrei verið vissir um að þeim hafi í raun tekist að framleiða þekkingu: Að það sem þeir telja sig hafa uppgötvað sé í raun aðeins tilgátur sem ef til vill eigi eftir að reynast ósannar. Þeim finnst þá kannski skárri að munstra sæmdarheitið „þekking“, án fyrirvara, á allar afurðir rannsækenda, þótt það sem einn fræðimaðurinn segir sé beinlínis í mótsögn við það sem annar fræðimaður lætur frá sér fara – og þar með er fallist á afstæðishyggju – að það sem er satt fyrir einn sé ósatt fyrir annan.

Hugsmíðahyggja um þekkingu, af því tagi sem Hammersley og Maxwell halda fram, byggist á þeim sannindum að þekking okkar er smíðuð úr hugtökum, yrðingum, líkönnum og kenningum sem eru afsprengi sögu og siðar. Þegar við gerum grein fyrir því hvað við vitum, eða teljum okkur vita, þá notum við hugtök sem hafa mótast af hefð og eru jafnvel búin til með ákvörðunum og yfirlýsingum, eins og til dæmis metrakerfið er. Þetta gildir almennt og yfirleitt, hvort sem þekkingin fjallar um náttúruna eða samfélagið. Kort sem sýnir ár og læki og önnur náttúrufræðilegri byggist jafnt á venjum kortagerðarmanna eins og kort sem sýnir

⁴⁴ Chakravartty 2016.

landamæri, hreppamörk eða annan félagslegan veruleika. Það er engin leið að teikna kort án þess að nýta sér einhverja túlkun á því hvað línur, tákni og litir þýða – og merking þessa veltur óhjákvæmilega á því hvað fólk hugsar og segir. En þetta útilokar ekki að kort séu ýmist rétt eða röng með hlutlægum hætti. Kort sem sýnir fjall þar sem ekki er neitt fjall, eða landamæri þar sem ekki eru nein landamæri, tjáir ósköp einfaldlega ósannindi. Munurinn á fjallinu og landamærunum er þó kannski sá, að það má hugsar sér að sá sem teiknar kortið hafi vald til að ákveða mörk ríkja og að aðrir taki mark á yfirlýsingum hans. Hann getur þá skapað nýjan félagslegan veruleika með því að teikna kort á tiltekinn hátt. Það getur hins vegar enginn flutt fjöll úr stað með því einu að teikna nýstárlegt landakort.

Þekking á veruleika, sem er til vegna huglægra viðhorfa, getur verið jafn hlutlæg og þekking á bláköldum staðreyndum um náttúruna. Eins og Hacking bendir á er húsaleiga félagslegur veruleiki, sem er til vegna einhvers sem fólk trúir eða gerir ráð fyrir. Leigjandi hefur engu að síður hlutlæga vitneskju um afleiðingar þess að borga hana ekki.⁴⁵ Að einhverjir hlutar veruleikans – svo sem eins og landamæri, peningar, húsaleiga eða hjónaband – séu félagsleg hugsmíð, gerir þekkingu á þeim ekki endilega frábrugðna þekkingu á náttúru sem á sér tilvist óháð hugsun okkar og tali. Að aðrir hlutar veruleikans – eins og lækir og ár – séu eins og þeir eru, óháð því hvað fólk hugsar og segir, samrýmist því líka að kenningar, líkön og kort af þeim séu mannanna verk.

Við getum búið til ólík landakort. Eitt hefur kannski 10 metra og annað 20 metra á milli hæðarlína, á einu tákna litirnir þéttleika byggðar, á öðru sýna sömu litir árlega úrkomu eða gróðurfar. Ólík kort þjóna ólíkum tilgangi og það eru óteljandi leiðir til að kortleggja sama landsvæði þannig að kortin gefi rétta mynd. Eitt gefur rétta mynd af útbreiðslu gróðurs og annað gefur rétta mynd af ákvörðunum sveitarstjórnar um skipulag byggðar. Þetta hefur ekkert með afstæðishyggju að gera. Við fáum ekki út raunverulega afstæðishyggju fyrr en við gerum ráð fyrir þeirri fjarstæðu að tvö kort séu bæði rétt, þótt annað neiti því sem hitt segir, og til þess þurfa þau bæði að vera tilraunir til að kortleggja sömu eiginleika landsins. Það er alveg sama hvaða venjur kortagerðarmenn temja sér, kort þeirra verða gagnslaus ef þau koma ekki heim við staðreyndir um landið – og þótt sumar staðreyndir, sem sýndar eru á landakortum, varði eitthvað sem aðeins er til í krafti þess sem fólk hugsar og segir, fjalla þær um yfirborð jarðar en ekki um eitthvað sem er „innan í“ mannshuganum. Hluti af landamærum Mexíkó og Bandaríkjanna er á sama stað og Ríó Grande. Það vatnsfall er ekki í huga mér og þar með eru landamærin það ekki heldur. Við þurfum því ekki að velja milli þess að telja annað hvort, að félagslegur veruleiki sé hugsmíð eða að hann sé til utan við kollinn á okkur. Hann er hvort tveggja.

Ég held að þetta sem ég hef sagt um landakort gildi, að breyttu breytanda, um þekkingu af því tagi sem er yfirleitt aflað með eiginlegum aðferðum. Það er engin ein rétt leið til að fjalla um líf trillukarls, og ekki heldur til að lýsa bekk í skóla eða tjá reynslu flóttamanna, svo tekin séu einhver dæmi af handahófi.

⁴⁵ Hacking 1999.

Veruleiki mannlífsins er margbrotinn eins og landið sem sýnt er á ótal vegu með ólíkum kortum. Þess vegna eru sannindin sem hægt að tjá ótalmörg og það er hægt að raða þeim saman á fleiri vegu en svo að nokkurn tíma takist að segja allar sannar sögur um efnið. Það að margar sögur séu sannar og mörg kort rétt, hvert á sinn hátt, þýðir samt hvorki að hvaðeina sem menn hafa fyrir satt sé það í raun og veru né að tvær fullyrðingar sem stangast á geti báðar verið bókstaflega sannar. Vera má að tal um margfaldan veruleika þjóni stundum þeim góða tilgangi að ýta undir viðsýni og umburðarlyndi. Sjálfur held ég að það sé betur gert með því að hugsar um heiminn sem einn sameiginlegan heim okkar allra, heim sem er svo margbrotinn, flókinn og auðugur af lífi og lit að enginn geti tjáð nema örlítið brot af öllu því sem með sanni má segja.

Lokaorð

Í þessari grein hef ég rökstutt að verufræðileg hugsmíðahyggja geri rétta grein fyrir félagslegum veruleika en gildi ekki um ríki náttúrunnar. Ég hef einnig fært rök að því að þetta eigi jafnt við hvort sem endanlegur sannleikur um allan veruleika er af ætt hughyggju eða efnishyggju. Enn fremur hef ég bent á að þeir sem vinna að eiginlegum rannsóknum á sviði félagsvísinda ættu að forðast að láta trúverðugleika rannsókna sinna velta á mjög umdeilanlegum kenningum um tilvist eða tilvistarleysi hlutlægs veruleika og hlutlægrar þekkingar. Að síðustu gerði ég grein fyrir ástæðum til að ætla að þekkingarfræðileg hugsmíðahyggja eigi við um alla vísindalega þekkingu, hvort sem hún fjallar um náttúruna eða mannlífið – og að þessi staðreynd um þekkingu okkar gefi ekkert tilefni til afstæðishyggju.⁴⁶

Heimildir

- Berger, P. L. og Luckmann, T. 1966/1971. *The social construction of reality: A treatise in the sociology of knowledge*. Harmondsworth: Penguin Books.
- Braver, L. 2007. *A thing of this world: A history of continental anti-realism*. Evanston, IL: Northwestern University Press.
- Chakravartty, A. 2016. Scientific realism. *The Stanford encyclopedia of philosophy*. Ritstj. Edward N. Zalta. Sótt af <https://plato.stanford.edu/archives/win2016/entries/scientific-realism/>
- Creswell, J. W. 2013. *Qualitative inquiry & research design*. Los Angeles, CA: SAGE Publications.
- Dunham, J., Grant, I. H. og Watson, S. 2014. *Idealism: The history of a philosophy*. New York, NY: Routledge.
- Erickson, F. 2011. A history of qualitative inquiry in social and educational research. *The Sage handbook of qualitative research* (bls. 43–59). Ritstj. N. K. Denzin og Y. S. Lincoln. Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.

⁴⁶ Ég þakka prófessor Ólafi Páli Jónssyni fyrir góðar ábendingar sem hann gaf mér eftir að hann las yfir fyrstu drög að þessari grein. Einnig þakka ég þátttakendum á 13th Annual International Conference on Philosophy sem haldin var í Aþenu í maí 2017 fyrir rökræður og hugmyndir sem fram komu þegar ég kynnti efnið á þeim vettvangi. Ennfremur þakka ég ritryni og ritstjóra Hugur fyrir gagnlegar athugasemdir.

- Esterberg, K. G. 2002. *Qualitative methods in social research*. Boston, MA: McGraw-Hill.
- Eyja Margrét Brynjarsdóttir. 2004. Tvær ráðgátur um eiginleika. *Hugur* 16, 154–169.
- Eyja Margrét Brynjarsdóttir. 2008. Skilið á milli: Huglægni án afstæðis. *Hugur* 20, 84–97.
- Hacking, I. 1999. *The social construction of what?* Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Hammersley, M. 2008. *Questioning qualitative inquiry: Critical essays*. Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.
- Haslanger, S. 2012. *Resisting reality: Social construction and social critique*. New York, NY: Oxford University Press.
- Howell, K. E. 2012. *An introduction to the philosophy of methodology*. Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.
- Kant, I. 1980. *Immanuel Kant's critique of pure reason*. Þýð. Norman Kemp Smith. London: The Macmillan Press.
- Kotzee, B. 2010. Seven posers in the constructivist classroom. *London review of education* 8(2), 177–187.
- Krauss, S. E. 2005. Research paradigms and meaning making: A primer. *The qualitative report* 10(4), 758–770.
- Kvale, S. og Brinkmann, S. 2009. *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing*. Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.
- Lewis, D. K. 1969. *Convention: A philosophical study*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Lincoln, Y. S., Lynham, S. A. og Guba, E. G. 2011. Paradigmatic controversies, contradictions, and emerging confluences, revisited. *The Sage handbook of qualitative research* (bls. 97–128). Ritstj. N. K. Denzin og Y. S. Lincoln. Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.
- Marx, K. 1999. *Capital: A critique of political economy, volume I*. Sótt af <https://www.marxists.org/archive/marx/works/>
- Maxwell, J. A. 2012. *A realist approach for qualitative research*. Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.
- Michell, J. 2003. The quantitative imperative: Positivism, naive realism and the place of qualitative methods in psychology. *Theory & psychology* 13(1), 5–31.
- Mutekwe, E., Ndofirepi, A., Maphosa, C., Wadesango, N. og Machingambi, S. 2013. A SWOT analysis of the rise and pedagogical implications of the social constructivist epistemology in educational practice. *Anthropologist* 15(1), 53–65.
- Pernecky, T. 2016. *Epistemology and metaphysics for qualitative research*. London: SAGE Publications.
- Phillips, D. C. 1995. The good, the bad, and the ugly: The many faces of constructivism. *Educational researcher* 24(7), 5–12.
- Searle, J. R. 1995. *The construction of social reality*. New York, NY: The Free Press.
- Searle, J. R. 2010. *Making the social world: The structure of human civilization*. New York, NY: Oxford University Press.
- Sklar, L. 1977. *Space, time, and spacetime*. Berkeley og Los Angeles, CA: University of California Press.
- Smit, J. P. og Buekens, F. 2017. How to do things without words: A theory of declarations. *Philosophy of the social sciences* 47(3), 235–254.
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. 1998. *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. New York, NY: John Wiley & Sons.

Porsteinn Gylfason. 2005. *Innlit hjá Kant: Um Gagnrýni breinnar skynsemi, eftir Immanuel Kant*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Heimspékistofnun.

Abstract

In defence of constructivism: A comment on the philosophical foundations of qualitative research

A number of publications on the methodology of the social sciences set forth and discuss statements to the effect that qualitative research requires commitment to constructivism that is incompatible with the existence of objective reality and objective knowledge. I argue that these statements should be rejected and that researchers can, and should, avail themselves of the true and useful insights enshrined in constructivism without any commitments to more contestable philosophical theories.

In my paper I use the following definitions:

- i. Metaphysical constructivism about a type of entities is the view that such entities are what they are because of what people think or say.
- ii. Epistemological constructivism is the view that our knowledge is composed of elements – such as concepts, statements, and theories – that are the way they are because of convention or because of something that people think or say.

As “constructivism” is used to designate a great variety of metaphysical and epistemological views, I do not claim that my arguments apply to all philosophical stances described by this term. Granted, however, my two definitions there are good reasons to accept both metaphysical and epistemological constructivism and the two following theses:

- a) Metaphysical constructivism about social reality is independent of metaphysical theories, such as materialism and idealism, about the ultimate nature of all reality.
- b) Epistemological constructivism does not entail subjectivism or relativism.